

Tillaga að matsáætlun, vindmyllur á Grjóthálsi, Borgarbyggð

| | |
|-----------|---|
| Búið til | 20.4.2020 15:35:10 |
| Höfundur | Trausti Baldursson |
| Sent | 20.4.2020 15:35:10 |
| Tilheyrir | 202003-0036 - Vindmyllur á Grjóthálsi, Borgarbyggð - beiðni um umsögn |

Efni

Tillaga að matsáætlun, vindmyllur á Grjóthálsi, Borgarbyggð

Upplýsingar

| | | | |
|--------------|-----------------------|----------|----------|
| Sent | 20.4.2020 15:35:10 | Staða | Imported |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | 42-0 Umsagnir almennt | | |
| Lykilorð | | | |

Vinnsla

Þátttakendur

| | |
|-----|--|
| Frá | Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is) |
| Til | jon@skipulag.is, skipulag@skipulag.is |

Innihald

Tilvísun í málsnr. 2020030036 (TB)

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 23. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun fyrir vindorkugarð á Grjóthálsi, Borgarbyggð.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir matsáætlunina og telur með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar að í henni sé komið inn á þá þætti sem þarf að fjalla um í frummatsskýrslu. Matsáætlunin geri ekki nákvæma grein fyrir þeirri aðferðafræði sem verður beitt við rannsóknir einstakra náttúrufarsþátta, og þ.a.l. ekki gæði þeirra rannsókna, en greinir hins vegar frá því hverju þær eigi að skila m.t.t. mats á umhverfisáhrifum. Frummatsskýrsla mun síðan leiða í ljós hvernig tekst til.

Náttúrufræðistofnun hefur með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar áður bent á að í flestum tilvikum þegar um er að ræða vindorkugarða þá er líklegt að áhrif þeirra á náttúrufar verði mest á landslag og fuglalíf þar undir m.a. jarðminjar, búsvæði og farleiðir fugla allt eftir stærð og staðsetningu vindorkugarðanna.

Í þessari matsáætlun, eins og í fleiri matsáætlunum hér á landi sem fjalla um vindorkugarða, er vísað í að beitt verði m.a. aðferðafræði Scottish Natural Heritage, 2017 (SNH, 2017) við rannsóknir á fuglalífi. Niðurstöður rannsókna sem notast við þessa aðferðafræði byggja m.a. á hvernig útfærsla aðferðafræðinnar er, þ.e. vísindalegum gæði rannsóknanna. Náttúrufræðistofnun hefur á undanförunum mánuðum bent á kosti og galla þeirra aðferða sem hafa verið kynntar vegna nokkurra vindorkugarða hér á landi og byggja allar á aðferðafræði (SNH, 2017). Þær ábendingar hafa annars vegar falist í að benda á kosti og galla við

útfærslur aðferðafræðinnar og þá sérstaklega hvað þurfi að bæta til að auka áreiðanleika niðurstaðna og hins vegar að ástæða sé til að beita öðrum aðferðum en þeim kynntar hafa verið s.s. radarmælingum. Einnig hefur komið til greina að auka t.d. sjálfvirka myndatöku til að fylgjast með fuglalífi en um þá aðferðafræði gildir það sama og um annað að það verður að vera hægt að sýna fram á áreiðanleika niðurstaðna. Náttúrufræðistofnun telur að þær ábendingar sem stofnunin hefur sett fram um rannsóknir á fuglalífi vegna annarra matsáætlana fyrir vindorkugarða, og Skipulagsstofnun hefur undir höndum, eigi jafn við um þessa áætlun.

Með hliðsjón af hlutverki Náttúrufræðistofnunar sér stofnunin ekki ástæðu til að gera frekari athugasemdir við annars greinargóða matsáætlun.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (<mailto:trausti@ni.is>)



Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)